



Fundargerð

21. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 27. apríl 2023 kl. 14:00

Viðstaddir: Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson og G.
Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu. Fundargerð ritaði Íris Eysteindóttir.

Friðjón Einarsson boðaði forföll.

Gestir fundarins voru Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og
framkvæmdasviðs og Viggó Magnússon hönnunarstjóri hjá Arkís.

* * *

1. Myllubakkaskóli

Viggó Magnússon hönnunarstjóri hjá Arkís fór yfir aðaluppdrætti, innréttingar, frágang
innan húss, útfærslur á klæðningum og fl. fyrir A og D-álmum Myllubakkaskóla. Deiliskipulag
er í vinnslu.

Margar af þeim lausnum sem Viggó fór yfir eru hugsaðar með tilliti til þess að hægt sé að
nota sömu hönnun í öðrum skólum.

2. Holtaskóli

Viggó Magnússon hönnunarstjóri hjá Arkís fór yfir forteikningar og tillögu að áframhaldandi
hönnun og fyrirkomulagi framkvæmda.

Samþykkt að Arkís vinni útboðsgögn fyrir klæðningu og glugga.

3. Úttekt á byggingum 2023 - fyrirkomulag og útboðsform

Samþykkt að leita eftir aðilum til að gera úttekt og ástandsskoðun á öllum byggingum
sveitarfélagsins.

4. 88 húsið

Samþykkt að fara í allsherjarúttekt á húsinu. Sjá 3.mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.05

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 4. maí kl. 14:00.